



Fundargerð

24. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
mánudaginn 7. sept 2015 kl. 19:00 í sal E, á 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mætt: Einar Vilhjálmsson, Lóa Björk Hallsdóttir Jónas Egilsson, Jón H Steingrímsson Stefán Skafti Steinólfsson. Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar. Samþykkt. Fundargerð nr 23. Umræður um fundargerð 23. JE vill bóka athugasemdir við liði 3,4 og 6 í fundargerð 23. Fundargerð 23 samþykkt að loknum umræðum og yfirferð. Til máls tóku EV,JE,SSS,JHS og LBH.

2. Fjármál. Jón H gjaldkeri fer yfir fjárstreymi og stöðu félagsins, tekjur og fyrirliggjandi greiðslur næstu mánuði. Gjaldkeri leggur fram ársreikning 2014. Umræður um reikninga. Stjórnarmenn lýsa ánægju sinni með framsetningu og vinnu við reikninga. Ljóst er að staðan er þröng áfram. Til máls tóku JHS,SSS,EV,LBH og JE.

3. Starfsmannamál. 9 umsóknir hafa borist um stöðu framkvæmdastjóra, formaður og varaformaður hafa farið yfir umsóknir og rætt við hluta umsækjenda. Þeim falið að að vinna áfram að málinu. Til máls tóku EV,JE,LBH,SSS og JHS.

4. Þjálfaranámskeið IAAF II-stig. 5 hafa sótt um að sækja námskeiðið. Stjórn ákveður að fresta námskeiðinu vegna dræmrar þátttöku og mikils kostnaðar við svo fáa þátttakendur. Leitað verður lausna til að halda námskeiðið síðar, enda mikilvægt hreyfingunni. Til máls tóku EV,LBH,SSS og JE.

5. Uppskeruhátíð. Ritara falið að undirbúa uppskeruhátíð. Kallað verður eftir viðurkenningalistum og sérstök verðlaun verði fyrir óvænt afrek ársins. Til máls tóku EV,SSS,LBH og JE.

6. Haustfundur. Rætt um að halda fund um mótamál, fyrir uppskeruhátíð. JE ræðir við formann mótanefndar. Til máls tóku JE,EV,SSS,LBH og

7. Fundur framkvæmdastjóra Norðurlandanna-sept. Rætt í stjórn að senda engann á fundinn í sept. Beðið er svara um helstu málefni fundarins og mikilvægi. Formanni veitt umboð til að sinna verkefnum frá Íslandi, skerði það ekki hagsmuni hreyfingarinnar að þessu sinni. Til máls tóku EV,JE,LBH,JHS og SSS

8. Fundur EAA-Lausanne-október. Rætt um að senda ekki fulltrúa á kostnað FRÍ til Lauzanne. Formaður fer á kostnað EAA. Áætlaður kostnaður er annars u.þ.b. 250.000. Fyrri bókanir stjórnar gilda um framboð frá FRÍ til setu í stjórn AASSE. Til máls tóku EV,LBH,JE,SSS og JHS.

9. Alþjóðlegt samstarf: Umræður um skipun nefndarinnar. Þessum lið fresta. Til máls tóku EV,SSS,JE,LBH og JHS.

10. Önnur mál. Verðlaun í 5 km götuhlaupi. Kallað verður eftir verðlaunum fyrir 1. 2. og 3. sæti. Þau verði afhent samkvæmt ákvörðun stjórnar frá fundi stjórnar 13. Ágúst 2015. Til máls tóku JE,EV og LBH. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:32